

Lífeyrissjóðir fjármagna hjúkrunarheimili og íbúðir fyrir aldraða

Eftir Hrafn Magnússon

Á umliðnum misserum hefur nokkuð borið á því að lífeyrissjóðirnir séu gagnrýndir fyrir það að hafa ekki fjármagnað hjúkrunarrými og íbúðir fyrir aldraða. Þennan leiða misskilning er brýnt að leiðrétta.

Nefna skal nokkur nýleg dæmi sem hafa komið á borð Landsamtaka lífeyrissjóða og sem sjóðirnir hafa komið að með lánsfjármögnun. Verðbréfafyrirtækið Virðing, sem er að verulegum hluta í eigu lífeyrissjóðanna, hafði umsjón með fjármögnun flestra þessara verkefna.

Öryggisíbúðir fyrir Eir

Lífeyrissjóðirnir hafa fjármagnað 111 öryggisíbúðir sem Eir, hjúkrunarheimili, á og rekur að Fróðengi í Reykjavík. Þetta í þriðja sinn sem Eir ræðst í slíkt verkefni. Öll umgjörð íbúðanna er vönduð en öryggi og aðgengi í fyrirrúmi. Búið er að taka þrjá fyrstu áfanga byggingarinnar í notkun, en seinni þrír áfangarnir verða tilbúnir síðar á þessu ári.

Af hálfu forsvarsmanna Eirar var sérstaklega tekið fram að þeir mætu mikils aðkomu lífeyrissjóðanna að þessari fjármögnun, sem tryggði framgangsráðsins.

Öryggisíbúðir fyrir Sjómannadagsráð

Nú er verið að ljúka fjármögnun hjá lífeyrissjóðunum á 48 öryggisíbúðum í Boðabpingi í Kópavogi sem Naustavör ehf. á. Félagið er alfarið í eigu Sjómannadagsráðs. Bygging fyrsta áfanga með 48 íbúðum hófst



Hrafn Magnússon

sumarið 2009 og var lokið í desember 2010. Áætlað er að seinni áfangi verði tilbúinn í byrjun árs 2012. Íbúðirnar eru fyrir 60 ára og eldri og eru byggðar með þarfir eldri borgara í huga.

Íbúðir fyrir Samtök aldraðra

Samtök aldraðra eru nú að byggja 58 sölu-

» Lífeyrissjóðirnir munu nú sem fyrr koma af fullum krafti að fjármögnun hjúkrunarheimila og íbúða fyrir aldraða.

íbúðir að Sléttuvegi 29-31 í Reykjavík. Samtökin sneru sér til Landssamtaka lífeyrissjóða sl. sumar og óskuðu eftir svokölluðu brúarláni til að fjármagna og fullgera íbúðirnar, en verulega illa hafði gengið hjá samtökunum að fá lánsfjármagn hjá bönkunum.

Virðing hf, fyrir hönd lífeyrissjóða, gerði samstarfssamning um aðkomu að verkefninu til að ljúka því. Samtökum aldraðra tókst hins vegar sem betur fer að fjármagna nánast alla sína framkvæmd með sölu íbúða og var því aðkoma lífeyrissjóðanna minni en ætluð var, en skipti þó miklu máli við að ljúka byggingaframkvæmdum í þeirri óvissu sem upp kom við að selja íbúðirnar eftir hrun fjármálakerfisins í október 2008.

Þjónustuíbúðir fyrir Grund

Lífeyrissjóðirnir fjármögnuðu á síðasta ári kaup á 78 íbúðum fyrir

aldraða að Suðurlandsbraut 58-62 í Reykjavík sem Grund-Mörkin hafði ráðist í. Grund-Mörkin er félag í eigu dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar og eru þessi kaup stærsta fjárfesting Grundar í áttatíu ár. Í fjölbýlishúsunum í Mörkinni er boðið upp á fyrsta flokks þjónustuíbúðir fyrir fólk frá sextugu.

Haft var eftir forráðamönnum Grundar að það hefði verið ánægjulegt að sjá hvað lífeyrissjóðirnir tóku vel í þetta verkefni og koma inn í það með miklum þunga.

Nýbygging Landspítalans

Auk þess sem hér hefur verið talið upp er rétt að minna á viljafyrirlysingu lífeyrissjóðanna frá því í nóvember 2009 um að hefja samstarf við undirbúning að fjármögnun, útboði og framkvæmdum við nýbyggingu Landspítala við Hringbraut.

Yfirlysingin sýnir fram á stuðning við verkefnið og skapar nauðsynlegan trúverðuleika þess. Um er að ræða samfélagslegt verkefni af hálfu lífeyrissjóðanna að uppfylltum skilyrðum um viðunandi arðsemi. Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús, lykilkáttur í okkar góða heilbrigðiskerfi og í menntun heilbrigðisstarfsfólks. Það hefur verið okkur til vansa að hafa ekki fyrir lifandis löngu byggt upp hátækni-sjúkrahús, eins og allar aðrar nágrannaþjóðir hafa gert með sóma.

Gert er ráð fyrir því að sjálfar framkvæmdirnar standi fram á árið 2016. Strax á síðasta ári urðu til störf fyrir arkitekta og verkfræðinga við hönnunar- og undirbúningsvinnu en langflestir koma til með að starfa að framgangi verkefnisins á árunum 2013-2015 þegar framkvæmdir standa sem hæst.

Lokaorð

Ég vil að lokum geta þess að lífeyrissjóðirnir munu nú sem fyrr koma af fullum krafti að fjármögnun hjúkrunarheimila og íbúða fyrir aldraða, annað hvort með beinum hætti eða með milligöngu Íbúðarlánasjóðs, en sjóðirnir eru sem kunnugt er langstærstu lánveitendur Íbúðarlánasjóðs.

Það er hins vegar samfélagslegt verkefni ríkis og sveitarfélaga að sjá um rekstur heimilanna og dvalar- og hjúkrunarþjónustu fyrir eldri borgara. Um þá staðreynd þarf ekki að deila.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

